

■ **Margrét Elísabet Ólafsdóttir** fékk **Hannes Sigurðsson** listfræðing til að skoða með sér sýninguna Íslensk myndlist fram á haust en á henni gefur að líta flóru íslenskrar myndlistar, stikkprufur úr sögunni, hugmynd af þróun. – –

Myndrænt smygl tekið

Sýningin á Kjarvalsstöðum hefst með **Þórarni B. Þorlákssyni** og **Ásgrími Jónssyni**. Þeir voru með fyrstu alvöru listamönnunum okkar. Lærðu í Köben og komu svo heim eftir mislanga dvöl ytra. Þetta var um aldamótin s íðustu svo listasagan íslenska er ekki löng. Hún hófst með akademískum málurum á meðan Evrópa ólgaði af nýjungum; post-impresjónisma, fauvisma, kúbisma. Íslensku listamennirnir voru þó stundum með á nótnum, en mættu andstöðu; það er ekki aðeins núna sem þjóðin hefur lítinn skilning á listum, sér í lagi myndlist. Samt var alltaf einhver til að styðja þá, menn sem höfðu trú á því að þjóðin þarfnæðist myndlistarmanna til að halda merki hennar á lofti. Þeir voru ekki margir, eflaust færri en í dag þegar við höfum þó eignast menn með víðtæka þekkingu á listum og sjálfir listamennirnir skipta orðið hundruðum. Nú, nákvæmlega öld eftir að Alþingi ákvað að veita Þórarni B. styrk til listnáms í Kaupmannahöfn enda enginn Myndlista- og handiðaskóli hér þá, skarar **Hannes Sigurðarson** einna ákafast í myndlistarglæðurnar. Hann útskrifaðist sjálfur úr Myndlista- og handiðaskólanum hér heima, tók einnig burtfararpróf í flautuleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, en fór síðan til London og Berkeley í Kaliforníu til að nema fræðin. Eftir það bjó hann tæplega hálfan áratug í New York. Undanfarin þrjú ár hefur hann sett upp spennandi og djarfar sýningar á Mokka, er kætt hafa hjörtu myndlistarmanna og annarra listáhugamanna. Hann hlúir að grasrótinni. Því þótti *Alpýðublaðinu* tilvalið að fá hann í fylgd með sér um sýninguna á Kjarvalsstöðum, þar sem gefur að líta brot úr safni Listasafns Reykjavíkur, en um leið áhugavert yfirlit yfir íslenska listasögu og þróun hennar allt til dagsins í dag.

„Mér finnst þróun íslenskrar myndlistar haldast merkilega í hendur við þau tölva- og innflutningshöft sem verið hafa í landinu á hverjum tíma,“ hefur Hannes mál sitt frammi fyrir verkum Ásgríms Jónssonar um leið og hann bætir því við að honum finnst að menn mættu gjarnan velja þessu betur fyrir sér. Fyrir honum er þetta þó nokkuð borðleggjandi, það sé ekki af ástæðulausu að íslenskir myndlistarmenn voru seinir að taka við sér, voru óralangt frá því sem var að gerast í Evrópu langt fram eftir öldinni. Það var ekki aðeins vegna þess að þeir voru lokaðir fyrir nýjum straumum og stefnum, eða vissu ekki um þau, heldur jarðaði samfélagið allar óæskilegar nýjungar jafn öðum og þær skutu rötum.

„Manstu hvað ég sagði við þig í gær?“ Hannes vitnar í símtal okkur deginum áður. „Ég hafði á orði að ýmsar stíltengundir, eða réttara sagt hugarfar, hefðu ekki átt upp á pallborðið hér á landi frekar en erlendar landbúnaðarvörur. Og hafi eitthvað komist yfir varnamúr lýðveldisins var það ræki-lega gerilsneytt og aðlagð íslenskum aðstæðum. Ég held að skýringin geti aðeins verið sú að allt sem berst hingað inn mótað mjög fljótt af því sem **Hannes Lárusson** myndi kalla frumöflin í þjóðfélaginu. Þannig að ómeðvitað eru menn alltaf að gera svipaða

hluti. Eða hvernig á að útskýra þennan mikla formalisma og ljóðrænu mæð sem hvílir eins og þjóðhátíðarræða á hefðinni, meira að segja í konseptlistinni. Aftur á móti bólar varla á dada, sürrealisma og öðrum pólitískum stefnum, hvað þá harðstöðnum feminisma eða fluxus og arte povera í sinni röt-tækustu mynd, sem var þúra anarkismi.“

Hannes á eftir að útlista þessar hugmyndir nánar eftir því sem tilefni gefast á ferð okkar um Kjarvalssali. En snú-um okkur að fyrstu verkunum.

„Skoðum þetta verk eftir Ásgrím. Hérna má sjá áhrif frá **van Gogh**. Ef við lítum svo á verkið hér við hliðina, þá má segja að það sé óvenjulegt fyrir þetta ártal, 1920, því hér eru sterk *céz-önsk* áhrif. Í þeirri fyrri, sem er frá ári- nu 1945, er hins vegar töluverður ex-pressjónismi, það er komið meira flæði í pensilförin og snarpari litir, sem líka tengist fauvismanum – rúmlega þrjátíu árum eftir að honum hafði verið hnytt aftan við listasöguna.“

Stofustærð Ásgrímur komst í fyrsta skipti í kynni við verk eftir van Gogh á námsárum sínum í Kaupmannahöfn, en eitt verk af van Gogh-sýningu sem þar var haldin hafði orðið eftir í ríkislista- safninu. Varð hinum unga Íslendingi starsýnt á verkið er hann kom fyrst í safnið og skoðaði það oft eftir það.

„Það er merkilegt að maður sem hrífst svona gersamlega upp úr skónum af van Gogh, skuli aðeins fáum árum síðar, 1909, mála verk eins og *Heklu*. Það er sleikt, akademískt verk þó að- eins örli á **Cézanne** í rýmishjöppuninni í forgrunnum.“

Út frá þessu fer Hannes að tala um litina. „Það er sifjellt verið að tönnlast á því að litirnir, þessir skæru litir, séu það sem fyrst og fremst einkenni íslenska málverkið. Í gegnum tíðina hafa margt oft verið skrifaðar greinar til að renna stoðum undir þessa kenningu.“ Hannes telur að hana megi að vissu leyti til sanns vegar færa, en „litirnir segja ekki nema hálfa sögu. Það nægir að horfa á litaspjaldið sem frumkvöðlarnir völdu sér í byrjun, þar ráða tempraðir og aka- demískir litir ríkjum. Stíllinn er lagður á náttúruna. Hún fær aldrei að endur- speglast ómenguð, enda væri það sem- íólgísk merkingarleysa.“

Og Ásgrímur fellur í sama farið þótt hann hafi séð van Gogh og nokkru síð- ar impressjónistasýninguna í Berlín. „Það er ekki fyrir en í kreppunni hér heima sem virkilega fer að losna um pensilskriftuna hjá honum og formið og litirnir verða fyrir alvöru express- jónískir.

Ásgrímur var til dæmis mjög hrifinn af eldgosum, en á þessum tíma var ver- ið að temja náttúruna, það var verið að endurnema landið eins og ég hef kallað það, venja þjóðina á innlenda valdhafa. Jafnhliða var hafist handa við að móta ímynd Íslendingans og hvað það þýddi að tilheyra fullvalda þjóð. Þess vegna fjarlægir Þórarni sjálfan sig úr verki- nu. Og þú hefur kannski tekið eftir því að í íslenska landslagsmálverkinu eru sjaldnast figúrur. Og formatið, það er alltaf í stofustærð. Það er svo alþýðlegt, ekki satt. Ef á annað borð sjást figúrur hjá Þórarni sést aftan á þær. Skilaboðin voru: landið tilheyrir okkur öllum. Það eru engar girðingar sem afmarka land- svæðið og staðfesta eignarhaldið, eins og sjá má í evrópska landslagsmálverk- inu. Það er meðal annars út af þessu sem Ásgrímur fær ekki útrás fyrir að mála eldgos fyrir en löngu síðar. Tabú.“

Pau féllu ekki í kramið á þessum tímum þjóðernisvakningar.

„Akkúrat. Landið var fallgett, unaðs- legt og umfram allt blítt. Það geislaði af mildi og gróðursæld.“

Var ekki grimmt og aggressíft.

„Jú, vissulega, en hvað var það mið- að við þessa þrjá sólskinsdaga með 12 stíga hita sem við fáum á ári.“

Við göngum framhjá **Júlíönu Sveinsdóttur, Jóni Stefánssyni** – og **Kjarval**, í bili. Nenum staðar frammi fyrir verki eftir **Finn Jónsson**, sem fór til Þýskalands á skóla **Herwarths Wal- dens**, stofnanda hreyfingar expressjón- ismans og hreifest af bæði honum og kúbismanum.

„Finnur fer til Þýskalands og sísona dettur inn í *avant-garde*-ið þar. Hann álpast þangað sem slagæðin er og, viti menn, býðst að halda sýningu hjá Wal- den. – Það má segja að hann sé **Björkin** í myndlist síns tíma. – Hann er þarna fram á miðjan þriðja áratug, en kemur þá heim og heldur sýningu á verkum eins og *Örlagateningnum* frá 1925. Nema hvað, *surprise!*, hann var kaf- færður eins og skot. Hann var kominn alveg út í þetta óhlutbundna, með ták- nænum formum í fljótandi rými án ytri tilvísana. En þarna yfirgaf hann abstr- aktmálverkið og fór að mála svona myndir í staðinn.“ Hannes bendir á mynd eftir Finn frá 1935. „Þarna er hann kominn hinu megin á tunglið, út í figúrattífar landslagsmyndir, sjómenn og einhverjar rómantískar þælingar. Abstraktið er nú almennt talið hans besta tímabili.“

Hannes telur þó ekki rangt að setja mynd frá þessu síðara tímabili Finns á sýninguna, minnir á að það eru margir fletir á listamönnunum. „Ég er aðeins að reyna að setja hlutina í samhengi. Finn- ur er ekki einangrað dæmi. Þetta á meira og minna við um allþjóð- félagið.“

Mynd Finns sýnir viðfangsefni sem fellur í kramið.

„Þetta gerist auðvitað á þeim tíma sem skiptingin úr sveit í borg stendur yfir. Og þessi verk eru tákngervingar þeirra afla sem toguðust á í þjóðfélag- inu á þeim tíma; bændamenningin og vaxandi borgarmenningin upp úr 1930. Tákn hinna fyrrnefndu er náttúran, raunsæisfull rómantik og fjálgleg landslagsmálverk þökkvæð af þjóðernis- ást. Og svo hins vegar abstraktið.“

Hetjustærð Við skáskjótum augun- um á **Gunnlaug Blöndal** en förum að tala um **Gunnlaug Scheving** þótt við séum ekki kominn að verkunum hans ennþá. Erum bæði með í huga risastórt verk af sjómanni.

„Gunnlaugur Scheving er magnaður, en það hefur lítið verið skrifað um hann af viti.“ Það er Hannes sem hefur orðið. „Hann malar í þessum grand skala sem maður skyldi ætla að kæmi frá víking- um, en ekki litlar sætar baðstofumynd- ir. Hans myndir eru hetjulegar sjó- mannamyndir, svona sósíalrealismi af glæstu gerð. Á þessum tíma var útgerð- in að ná yfirhöndinni þó hið opinbera hafi ekki enn verið búið að játasta við því að sjávarútvegurinn var orðin okkar aðal atvinnugrein.“

Scheving hefur greinilega verið með fingurinn á pulsinum.

„En maðurinn sem balanserar þetta allt saman, að mínu mati, er Kjarval, trúðurinn og líndansarinn fími. Hon- um tekst að leika tveimur skjöldum á aðdáunarverðan hátt. Hann er náungi sem malar blossandi raunsæisfullar ætt- jarðarmyndir, en á sama tíma – og sér- staklega á síðari hluta ferilsins –....“ Það er enginn Kjarval í sjónmáli svo við snúumst á hæl og förum til baka. Hérna eru þrír. Við tökum á einum. „Ef þú horfir á hann héðan, geturðu séð verkið sem raunsæisfyllt, að vissu leyti.“ Við virðum verkið fyrir okkur úr tveggja metra fjarlægð. Fierum okkur svo nær. Förum alveg ofan í það. „Skoðirðu það héðan, sérðu að hann er búinn að brjóta formin upp í geometr- íska kubba. Þannig samræmir hann þessa tvo póla, abstraktið og landslags- hefðina. Landslagið er að þróast út í abstraktsjón. En þetta tengist miklu meira en menn kynnu að ætla.“

Nú er Hannes kominn á fullt skrið. „Það eru þrjú meginskil í íslenskri myndlistarsögu, en það eru ekki skýr brot á milli þeirra. Fyrsta skeiðið, landslagstímabilið, er ríkjandi allt frá aldamótum, eða frá því Þórarni B. tekur fyrst upp pensilinn og segjum fram að **Nínu Tryggva**. En upp úr stríðsárunum fer það að myndbreytast og verður sifjellt óhlutbundnara. Það fer í gegnum **Cézanne**, impressjónistana, van Gogh og áfram upp í expressjónis- mann, þaðan út í hreint abstrakt og endar að lokum í konkreti. Titlarnir halda áfram að vera til staðar, eins og í eldgosamyndum Nínu, sem eru argasta splan. Hann lyftir handleggjunum í breiddan boga yfir höfuð sér. „Þetta kall- ar hún svo *Gos* eða eitthvað á móta! Sem er hreint og klárt abstrakt! Titla- ir hverfa ekki fyrir en með konkretista- mönnunum og eftir stendur málverk sem skírskotar aðeins inn á við, afkúpl- að frá heiminum.“

Að þessum orðum mæltum þeysir Hannes á undan mér, aftur að Finni eða öllu heldur Gunnlaugi Blöndal á næsta vegg. Árið 1962 er hann að mála sjálfs- mynd. Expressjóníska. *Kirschnerska*. Gunnlaugur fékk líka kikk út úr því að mála allsbært kvenfólk. „Hann er skvísuamálarninn okkar. Ef það væru hér róttækir femínistar væru þeir sennilega búnir að....“ Hann sveiflar hendinni þvert yfir málverk af ungru stúlku til að tákna hnífsskurð.

Frjálslegar lántökur Við svo búið tökum við undir okkar stökk og lend- um fyrir framan **Svavar Guðnason**. „Hafi Finnur verið sá fyrsti sem gö- maður var fyrir myndrænt smygl, þá var Svavar næstur til að reyna að flytja ferska strauma inn til Íslands. Svavar var þá búinn að vera í Danmörku öll

stríðsárin þar sem hann var einn fremsti meðlimurinn í *Helhestinum*. Það er því ekki hægt að kaffiera hann og hann heldur sínu striki. En hann kemur líka á réttum tíma, vil ég meina, því á þessum árum var borgarmenningin búin að hasla sér völl og listamannadeilan löngu afstaðin.“

Umskiptin eru engu að síður skörp horfi maður í kringum sig.

„Umskiptin eru snögg af því Svavar kemur úr allt öðrum jarðvegi. Hann er búinn að vera í Danmörku í áratug þeg- ar hann kemur til Íslands og er mótaður af *Helhestinum*. Þar höfðu þeir verið að þróa, í einangruninni í Danmörku, ekki ósvipaða hluti þeim sem abstrakt-ex- pressjónistarnir voru að gera í Banda- ríkjunum. Þetta var nátengt og þeir í *Helhestinum* jafnvel aðeins á undan. Þeir eru að þróa það sem verður aðfar- inn að *Cobra* hópnum. En þetta er allt þurkað út af spjaldskrár sögunnar, franski listfræðingurinn **Lambert** minnist varla á *Helhestinn* í bók sinni um *Cobra*. Hreyfingin hafði þó áhrif á menn eins og **Appel**. Það er þess vegna sem Svavar sagði alltaf af Frakkar og Belgar hefðu stungið undan sér og neit- aði að taka þátt í sýningum með *Co- bra*.“

En það er önnur saga. Og við höld- um áfram för, að annarri mynd, öllu nýrri eða frá 1990. Hannes lækkar róm- inn líkt og hann fari hjá sér: „Maður veltir því fyrir sér hvað menn séu eigin- lega að hugsa þegar þeir eru að gera svona hluti sem tilheyra löngu liðinni tíð. Kannski hugsa þeir ekki.“ Röðdin er orðin að hvísli. Honum finnst þetta greinilega aalegt. „Þetta verk til að mynda er furðulega líkt verkum **Franz Kline** frá sjötta áratugnum.“ Við fjar- lægjum þessa skelfilegu tímaskekkju hálf skömmustuleg.

Hryðjuverkastarfsemi Það færirst aftur hiti í Hannes bakvið næsta skil- rúm. Þar erum við kominn að „dökkum kafla í íslenskri listasögu“. Verkið er eftir **Valtý Pétursson** og er frá sjötta áratugnum. „Á þessum tíma var borg- armenningin orðin allsráðandi. Þetta er staðfesting á því. Valtýr var jafnframt gagnrýnandi *Morgunblaðsins* og þess vegna handhafi þó nokkurs valds. Mönnun var þröngvað til að mála í þessum stíl. Þeir sem reyndu eitthvað annað voru einfaldlega frystir.“ Terror- ismi. Hannes minnir á að **Hallgrímur Helgason** hafi á sínum tíma „gengið í skrokk á karlinum með hárbeytri gagn- rýni“. Við fullyrðum ekki hvort sú árás hafi ríðið gagnrýnandanum að fullu, en allavega lést hann skömmu síðar. Síðan þá hefur **Bragi Ásgeirsson** fengið að ráða ferðinni á Mogga og staðið af sér allar árásir enn sem komið er eins og ósökkvandi korktappi í ölduróti nýja- brumsins.

Valtýr var hluti af Septemhópnum eins og **Guðmunda Andrésdóttir**, **Karl Kvaran**, **Kristján Davíðsson** ... Við rennum yfir verkin í endanum á Austursal. Eigum eftir tvö sem Hannes vill endilega láta mig geta eftir hvern eru. Mér er það lífsins ómögulegt og ég jata mig fljótlega lens. „Málið er að það eru ekki þessi rosalegu kynslóðaskipti á milli landslagsins og abstraktsins, ge- ómetríunnar og SUM-hópsins, og talið er.“ ??? „Það hefur verið lítið á SUM hópinn sem hálfgerð vatnaskil, en hann er það í raun ekki. Þessi formræni, lý- ríski hugsunarháttur liggur eins og rauður þráður í gegnum íslenska mynd- list.“ Ártalið er 1972. „Þú þekkir hvern- ig þeir vinna, drengirnir. Þeir eru kon- septlistamenn.“ Ég hafði ekki borið kennsl á málverk eftir **Sigurð** og **Krist- ján Guðmundssyni**.

„Þú sérð á þessu að þeir eru bein- tengdir við eldri kynslóðina. Einn af lærifeðrum þeirra, formgúrinn **Hörð- ur Ágústsson**, hafði ótvíræð áhrif á næstu kynslóð. Hörður tilheyrði náttúr- lega ekki SUM-hópnum en hann blandaði geði við unga fólk á þessum tíma, auk þess sem hann var kennari við Myndlista- og handiðaskólann. Hann miðlar því sinni þekkingu, bæði



Vinningstölur laugardaginn: 8. júlí 1995

VINNINGAR	FJÖLDI VINNINGA	UPPHÆÐ Á HVERN VINNING
1. 5 af 5	1	2.029.350
2. 4+af5	1	1.203.060
3. 4 af 5	114	4.280
4. 3 af 5	3.126	360

Aðaltölur:

5 7

8 11 25

BÓNUSTALA:

23

Heildarupphæð þessa viku:

kr. 4.845.690

UPPLÝSINGAR, SÍMSVARI 91-68 15 11
LUKKULÍNA 99 10 00 - TEXTAVARP 451

myndlist á Kjarvalsstöðum. Sýning stendur – Myndlistin mótuð af innflutningshöftum

í tollinum

beint og óbeint til Kristjáns og Sigurðar, Jóns Gunnars Árnasonar, Magnúsar Tómassonar og ýmissa fleiri eins og Hreins Friðfinnssonar sem tengdist hópnum þótt hann hafi ekki tilheyrt honum.“

Við minnumst síðar á Magnús Pálsson, stofnanda fjöltæknideildarinnar, sem hafði geysileg áhrif og kom hugsunarhættinum áfram til Kristins Harðarsonar, Helga Þorgils Friðjónssonar, Ingólfs Arnarsonar... Við náum þessu: Ekkert rof. Meginstefnan heldur áfram. Rauður þráður. Mara.

Keramíkið hvað Það hefur brotnað á okkur alda. Við erum kominn út úr austursalnum. Þorri Hringsson líður framhjá en lætur okkur í friði. Kom út um einar dyr. Hverfur inn um aðrar. Við erum stödd í hringiðu keramiksisins. Bæði jafn miður okkar. „Þetta er einn helsti ljóðurinn,“ segir Hannes og á ekki aðeins við staðsetningu verkanna á sýningunni né það að þau skuli yfirleitt vera þarna. Við erum innilega sammála um að þessi annars ágætu keramikverk trufli sýninguna. Þau stinga í augun. Falla ekki inn í heildina. „Þessi verk eru mikilvæg og fólk getur verið stolt af því að búa til góða listmuni. En þetta er ekki sami hluturinn og með þessu er ekki gerður greinarmunur á hreinni, frjálstri listsköpun og hagnýtri listsköpun eða listiðnaði, sem er kúnt út af fyrir sig. En það er ekki hægt að leggja þetta að jöfnu.“ Finnst ekki afsakanlegt að blöðin og gagnrýndur skuli setja allar listgreinar í sama bás, jafnvel frístundamálarar fá sinn skerf vel út reiddan, oft ekki minni en okkar bestu myndlistarmenn. Og svo eru það þeir fyrrnefndu sem eitthvað selja og njóta skilnings almennings á meðan hinir selja varla neitt nema til opinberra stofnanna, einu sinni á fimm ára fresti séu þeir heppnir. Hefur svo margt breyst á níutíu og fimm árum frá því þingmenn ætluðu ekki að vilja styrkja Ásgrím af því honum hafði láðst að mála beisli á hest! Hannes bendir á eitt keramikverkanna: „Þetta er hreinn og klár skrautmunur.“ Ég fylgi bendingunni og bæti því við að ég hafi séð nokkur verk sömu gerðar en af ýmsum stærðum eftir þennan listamanninn. Okkur er lítt skemmt.

„Síðan eru þær hér við hliðina Kristín frá Munkaþverá og Ásgerður Búadóttir með ágætis verk. Þetta eru listaverk, því þau eru ekki bundin við miðilinn sem slíkan. Þarna er komið miklu meira inn í, inntak, þetta er ekki bara punt.“ Það dregur einmitt dálítið úr krafti þessara verka að stilla þeim þarna upp, er mín skoðun. Hann tekur undir hana. Ætla síðan að stíka áfram í gegnum anddyrið án þess að stöðva. Ég spyr hvort hann vilji ekki ræða um verkin þar. Hann er ekki viss. Fer síðan nokkrum orðum um Kristján Guðmundsson. Það er þarna eftir hann verk frá 1974 og Hannes er ekki sammála gagnrýni Braga Ásgeirssonar um að ekki megi stilla því upp við hliðina á splunkunýju verki eftir Hrein Friðfinnsson. Er reyndar hrifinn af verki Hreins. Við hlaupum hratt yfir Niels Hafstein og komum næst að Magnúsi Pálssyni. „Það er búið að taka hann í dýrlingatölu núna. – Já, já það gerist,“ áréttar hann því ég hef greinilega brosað út í annað. „Þetta er auðvitað voðalega lítið himnaríki, en það skartar engu að síður nokkrum dýrlingum. Og nú er búið að blessa Magnús í bak og fyrir sem ofvitann í íslenskri myndlist. Annars er það er misjafnt hvað menn spila stóra rullu í þessu mótunarstarfi. Erró, Sigurður, Kristján og Hreinn eru til dæmis menn sem í rauninni koma íslenskri listasögu fremur lítið við. Þeir hafa verið á erlendri grund mest allan tímann. Magnús er reyndar líka búinn að vera búsettur erlendis, en hann var kennari við Myndlista- og handíðaskólann í langan tíma. Þess vegna hefur hann haft mótandi áhrif á marga unga myndlistarmenn dagsins í dag.“

Finnt þér þá að menn megi ekki

vera of lengi í burtu – til að hafa áhrif? Að þeir verði að koma heima og helst kenna?

„Veistu, ég held þetta sé allt að breytast – hver hefur áhrif á hvem. Við lifum í þessu sæberspeisi og erum öll sæbernots (samanber *astronaut*). Svo þannig séð skiptir það ekki eins miklu máli og áður. Fleiri leiðir inn í landið en á dögum Ásgríms og Kjarvals...“

Kvennaöld. Að þessum orðum mæltum, framhjá Rögnu Róbertsdóttur, inn í Vestursal þar sem „annað svona verk, sem maður áttar sig ekki á,“ stingur í augu Hannesar. „Hvernig dettur þeim í hug að blanda þessu saman?“ stynur hann. Keramikskúlpútur í horninu vekur þessi viðbrögð og ekki orð um það meir. Í framhjáhlaupi segir Hannes þó ýmislegt gott um Gunnar Kvaran og hans stefnu. „Við þurfum á svona körlum að halda.“

Við stöðum aðeins við dúóið Sigurð Örlýgsson og Magnús Kjartansson, en förum svo að tala um fjórðu kynslóðina enda kynslóðaskiptin Hannesi nokkuð hugleikin. Fjórða kynslóðin, Helgi Þorgils Friðjónsson, Kristinn Harðarson.... En síðan þá er enn önnur kynslóð að koma upp, kynslóð úttroðin af konum.

Spólum til baka. Aftur um höft áður en hægt er að halda áfram með þróunina.

„Eitt af því sem hefur aldrei komið hér inn fyrir landsteinana í myndlist er pólitísk og beinskeyttur femínismi. Þældu í! Það var aðeins ein og ein kona á stangli í myndlistinni. Nú er þetta gjörbreytt því þær eru þegar orðnar fjölmennari en karlar á öllum sviðum fagsins. Listasafn Íslands er kvennadyngja með tveimur geldingum. Svipað má segja um SÍM svo ekki sé talað um MHÍ. Við erum í fyrsta skipti að horfa á konur sem fá viðurkenningu: Hulda Hákon, Brynhildur Þorgils, Svava Björnsdóttir... En það merki-lega er að engin þeirra hefur tekið upp agressífan femínisma. Sá femínismi sem nú er að koma fram er mjög nútímalegur og í takt við tímann. Sem er auðvitað gott.“

En það hefur engin barátta verið, háð svo heitið geti.


„Femínisminn hefur aldrei náð að festa hér rætur. Hið sama má segja um pólitíkina. Eftir að nýja málverkið dettur upp fyrir í Evrópu og Bandaríkjunum tekur þar við *deconstruction*, póstrúktúralismi, allar þessar krufningar á þjóðfélaginu. En á Íslandi eru menn ennþá að mála og gaufa við innétna konseptið.“

Byltingarsinninn Í framhaldi af því veltum við fyrir okkur muninum á verki eftir Guðrúnu Hörnn Ragnarsdóttur og öðru eftir Söleyju Aðalsteinsdóttur. „Hjá Guðrúnu koma aðallega fyrir menningaráhrif þótt það örlí aðeins á þjóðfélagslegum tilvísunum [að hluta minnir verkið á bróðartertu]. Sólveig, eins og Ragna og Ráðhildur, er hins vegar á þessum minímalíska róli.“

Svo koma svona „álfar út úr hól“, eins og Eggert Pétursson. „Hann er á ská og skjön við allt í þessum blóma-myndum sínum sem minna í senn á listhandrit og hollensku 17. aldar málverkin. Hið sama má segja um Bjarna Þórarinsson. Hann passar ekki inn í neitt. Hann er dæmi um mann sem býr til sinn eigin listaheim, sinn eigin stíl sem á lítið skylt við þróun íslenskrar myndlistar. Hann tengist samt konseptinu, er með mikið af orðaleikjum og gerir einfaldar myndir. En hann hefur farið með þetta út fyrir öll bönd og lönd. Þegar maður fer að lesa þetta [við rýnum í rósimar] er þetta algert rugl. En þegar Bjarni er með performans meikar þetta fullkomlega sens.“ Bjarni og Birgir vinur hans Andrésson bíennalfari, eru óaðskiljanlegir, eiginlega andlegir elskhugar, enda báðir dálítið á ská við flest annað.

Við förum úr einu í annað, enda næg tilefni til slíks.

„Það er ekki hægt að nálgast mynd-



A-mynd: E.Ó.

listina lengur, svona verk, án þess að hafa lágmarks þekkingu.“ Við krjúpum frammi fyrir Kristni Harðarsyni. Veltum honum bókstaflega fyrir okkur. „Kristinn hefur mikinn áhuga á eyðingu og tæringu, á sínu allra nánasta umhverfi og því hvernig nýtt líf kviknar.“ Spyr hvort það hafi ekki kveikt í mér. Of langur umhugsunarfrestur veldur því að hann stendur upp og snýr sér að nafna sínum Lárussyni, byltingarsinnanum í íslenskri myndlist. „Hér er áhugavæður listamaður. Verst hvað fáir eru meðvitaðir um það. Hann er fyrsti maðurinn sem þorir að krukka almennilega í apparátinu.“ Ég segist hafa lesið eftir hann ritgerð upp í Þjóðarbókhliðu um daginn, um *Hlutverk og örlög listar samkvæmt kenningum Hegels*. „Honum er alls ekki alls varnað. Hann er prýðilegur penni og hefur þekkingu sem fáir listamenn hér hafa, enda ekki margir sem fylgjast með eða bera sig eftir því sem gerist erlendis. Hvað þá að þeir hafi almennt lesið mikið um myndlist. En Hannes Lár hefur ágætan grunn og hefur verið leiðandi í umræðunni. Hann er fyrsti maðurinn héna, sem bryddar upp á pólitík í myndlistinni. Honum hefur verið líkt við Hans Haacke og fengið skömm í hattinn, en Haacke hefur verið að taka á heimspólitíkinni. Hannes Lár hefur til samanburðar einbeitt sér að menningarpólitíkinni hérlandis. En það hefur líka bitnað á honum. Og þar komum við aftur að innflutningshöftunum, hvernig hlutirnir eru stungnir upp og þeim hent út í hafsauga. Hannes hefur komið sér dálítið út í horni með þessu, en ég vona að hann eigi ekki eftir að vera þar lengi. Hann er athyglisverður listamaður.“

Rithöfundur–listamaður Frá Hannesi yfir til Þorvaldar Þorsteins-

sonar og Haraldar Jónssonar. Þeir ásamt Kristni, Helga Þorgils, Hannesi Lár auðvitað, og Hallgrími eru menn sem skrifa, menn sem Hannes segir að maður viti varla hvort eigi kalla rithöfunda eða myndlistarmenn enda aukaatriði í dag. „Það er með þessum mönnum, Haraldi, Hannesi Lár og Þorvaldi, sem hin nýju kaflaskipti verða,“ segir Hannes.

Ný kynslóð, nýjar nótur. Við stöndum fyrir framan Sviga Haraldar. „Hér kemur inn allt annar hugsunarháttur.“ Hannes er aftur farinn að hvísla. Kannski af því við höfum sýninguna ekki lengur út af fyrir okkur. „Þetta finnst mér ískyggilega lúmskt verk eftir Harald. Ímyndum okkur að þetta sé eyrað á manni.“ Við hálf beygjum okkur niður og rýnum inn í „svigana“. Reisum okkur svo við og horfum á verkið frá hlið. „Þetta lag eftir lag eftir lag... Þarna er þagnarmúrin, þarna höfuðskelin og þetta er eyrað, endalausar hindranir, öll þessi lög.“ Snúum okkur svo aftur að sviganum, Hannes potar inn í hann. „Og þarna einhversstaðar fyrir innan nærðu sambandi, kannski“ Við sjáum ekki einu sinni fyrir endann á þessum göngum. „Ljóðrænt en þráðbeint í mark.“

„Svo er það Anna Líndal... Næst Halla. „Hún hefur fært nýja vídd inn í íslenska myndlist. Manstu, við vorum að tala um það áðan að kvenfólkið væri að taka yfir? Ég las þetta verk þannig. Það er ekki hægt að villast á tvínnanum og kúbeininu: Penelópa, galdranormimar. En það er miklu meira í þessu og maður þarf að varast að lesa ekki Önnu á of einfaldan hátt.“ Hannes vísar á kúbeinið sem hangir þarna uppi þétt innvafið í rauðan tvínnann. „Þetta er auðvitað bullandi reðurtafn. Síðan er þessi litli veiki þráður, en máttugur samt sem

áður, búinn að ná algeru kyrkingstaki á kújárninu; búinn að ganga frá því. Minnir á afskorinn dýrshaus á vegg veiðimannsins.“ Hannes er stórhrifinn af því sem Anna hefur gert. Talar um fleiri verk hennar.

En hann er líka heillaður af Georgi Guðna. „Þetta er maður sem geysilega skiptar skoðanir eru um, einn af þessum sem menn annað hvort dá eða hata. Guðni fer til dæmis fyrir brjóstið á Hannesi Lár, honum finnst hann heldur slakur málari, en aðallega finnst honum hann vera að vinna upp úr einhverri þjóðlegri mæð og halda þessum frumöflum gangandi með því að vinna með landslagið. Aðrir, eins og ég, líta á Guðna sem brautryðjanda sem fer sínar eigin leiðir. Hann er ekki fást við landslagið sem slíkt, heldur að mála sig til baka inn í móðurlífið og þaðan handan yfir þilið. Þessar hlykkjóttu ár og dalir sem oft bregður fyrir í verkum hans eins og naflastrengur sem maður þræðir sig eftir. Sem sagt existensfálfskt í tíunda veldi. Gallinn er bara sá hvað hann á margar idjótískar eftirhermur. Guðni fann sig furðu fljótt, eða strax í MHÍ um 1983. Fyrst málaði hann expressjónískt og hratt, en svo fór hann að vinna hægar og í staðinn fyrir að mála í krampakenndum köstum, tók hann að leggja pensilstrokurnar í láréttum og lóðréttum línum Og alltaf vann hann hægar og hægar og þynti málninguna meira og meira út, aðferð sem býður upp á gríðarleg blæbrigði. Guðni endurnýjar landslagshefðina sem var algert bannorð hjá Súmurunum, það verður bara að horfast í augu við það, eins og svo margt annað.“

Við erum kominn út á endimörk sýningarinnar. Við tekur leit að framhaldiinu í íslenskri myndlist úti í ísköldu júlírokinu á bordeaux-rauðri vespu. ■